

108

8. ágúst

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan óhjákvæmilegt er að hafa ljóshemla í notkun vegna hugsanlegs dráttar á uppsetningu nýrra mælitækja, má rafveitunefnd selja rafmagn um þá eftir gömlu gjaldskránni, með allt að 50% álagi.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 3 15. janúar 1943 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

109

9. ágúst

REGLUR

um stangaveiði í Langá í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Langá frá ósum að Sveðjufossi skal leyft að veiða með 4 stöngum samtímis. Stangafjöldinn skiptist á einstök svæði í ánni þannig: Fyrir landi jarðarinnar Langárfoss skal heimilt að veiða með $1\frac{1}{4}$ stöng og tilsvarendi fyrir löndum jarðanna, sem land eiga á móti Langárfossi við ána. Þar fyrir ofan og að Sveðjufossi skal leyfð $1\frac{1}{2}$ stöng.

Ef ókleift reynist fyrir veiðieigendur að leigja veiðina í Langá, eins og hún skiptist á svæðin, skal veiðimálastjóra heimilt að leyfa, að veitt sé með fleiri stöngum í senn, heldur en gert er ráð fyrir hér að framan, um stuttan tíma í einu, en þó því aðeins, að um jafnlangan tíma sé veitt með færri stöngum, sem því svarar.

2. gr.

Stangaveiði skal leyfð 16 klukkustundir á sólarhring, frá kl. 6 að morgni til kl. 10 að kvöldi hvern dag. Heimilt skal þó að færa áður nefndan veiðistundafjölda til á deginum fyrir heilt veiðitímabil, að fengnu samþykki veiðimálastjóra, ef allir aðilar óska þess og koma sér saman um tímann.

3. gr.

Reglur þessar gilda í 5 ár.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 112/1941, til að öðlast gildi 15. maí 1950, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

109

9. ágúst

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

110

10. ágúst

um skyldu til að halda eftir af kaupum upp í þinggjaldagreiðslur.

1. gr.

Kaupgreiðendur bera ábyrgð á greiðslu þinggjalda þeirra manna, sem þeir greiða kaup, eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður þinggjalda krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar, um nöfn launþega, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjaldþaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu gjalda af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar látnar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafélks, skulu, ef þess er krafist af innheimtumanni, skyldir til að senda honum kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslu á þinggjöldum þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

3. gr.

Nú hefur launþegi ekki greitt þinggjöld sín að fullu á réttum gjaldþaga og skal kaupgreiðanda hans þá skylt samkvæmt kröfu innheimtumanns gjaldanna að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til greiðslu gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Orðið kaup í reglugerð þessari tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, og það jafnt hvort greiðslan er samkvæmt vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar, en launþegi sá, sem rétt á til þeirra greiðslna.

4. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 3. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{3}$ af því kaupum, sem til útborgunar á að koma, ef í hlut á launþegi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{2}$. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talið með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.